



**Skógræktarfélag Akraness** <http://www.skogak.com>

The Forestry Association of Akranes

Kennitala: 6906892949 Bankareikningur: 0186 26 7064

**Stjórn 2021 - 2022:**

Jens Benedikt Baldursson, formaður. [jensbb@internet.is](mailto:jensbb@internet.is)

Bjarni Þóroddson, varaformaður. [bjarniov@simnet.is](mailto:bjarniov@simnet.is)

Eiríkur Karlsson, gjaldkeri. [eiki4@simnet.is](mailto:eiki4@simnet.is)

Katrín Leifsdóttir, ritari og viðburðastjóri. [katrinleifs56@gmail.com](mailto:katrinleifs56@gmail.com)

**Meðstjórnendur:**

Einar J. Guðleifsson Þóra Björk Kristinsdóttir

**Varamenn:**

Helena Valtýsdóttir Hjördís Hjartardóttir Jóhannes Simonsen Leó Jóhannesson

Margrét Þorvaldsdóttir Stefán Teitsson

**Skoðunarmenn ársreikninga:**

Lárus Ársælsson Stefán Teitsson

**Til Akraneskaupstaðar vegna grenndarkynningar á deiliskipulagi Garðalundar-Lækjarbotna. Grenndarkynningin er dagsett 15. sept. 2021. Frestur til að skila athugasemdum er til 14. október 2021.**

Stjórn Skógræktarfélags Akraness ræddi þessa deiliskipulagshugmynd á stjórnarfundum 23. ágúst og sendi í kjölfarið samþykkt til skipulags- og umhverfissviðs sama dag. Sjá samþykktina á bakhlið þessa bréfs. Síðan við sendum þessa samþykkt til bæjarins höfum við unnið að gróðursetningu og fleiri störfum á svæðinu. Þarna hefur verið mjög blautt undanfarið og því ófært fyrir bíla með kerru og öll vinna þess vegna afar erfið. Með grenndarkynningunni fylgir teikning sem sýnir fyrirhugaða stíga. Við erum afar ósatt við fyrirhugaða stíga. Ekkert tillit er tekið til núverandi stíga og m.a. er skorið á stíg okkar norðan við Miðvogslæk. Ef stígar verða gerðir skv. þessari teikningu þá mun það torvelda mjög skógrækt á svæðinu.


Stjórnin ræddi þessa deiliskipulagshugmynd á fundum 20. sept. og aftur 27. sept.

Stjórn Skógræktarfélags Akraness samþykkti eftirfarandi 27. sept.:

- 1) Stjórnin samþykkir nýja skipulagið með semingi og bendir á að skerðing á þessum stað sé óheppileg vegna þess að hún skemmir stíga okkar og birkiskóg sem þarna er að vaxa upp.
- 2) Stjórnin mótmælir áætluðum (teiknuðum) stígum á svæðinu sem skerða munu nauðsynlegt aðgengi vinnuflokka félagsins og tálma skógrækt. Skógræktarfélagið leggur áherslu á að stíga á svæðinu þarf að leggja í samráði við félagið. Jafnframt munum við óska eftir sérstakri fjárveitingu til lagfæringar á stígum við Þjóðveginn til hagsbóta fyrir almenning og skógrækt á svæðinu.

Akranesi 27. sept. 2021

Virðingarfyllt,

  
Jens B. Baldursson  
formaður Skógræktarfélags Akraness

Sjá á bakhlið samþykkt stjórnarfundar 23. ágúst

Samþykkt á stjórnarfundum 23. ágúst 2021

Sent til Skipulags- og umhverfissviðs Akranesbæjar:

Á stjórnarfundum í Skógræktarfélagi Akraness mánudaginn 23. ágúst 2021 var rætt um breytingapælingar frá skipulags- og umhverfissviði Akranesbæjar á mörkum við deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna. Aðallega var rætt um breytingarnar við Einbúann en þær varða skógræktarfélagið mestu. Fundarmenn voru sammála um að ekki væri gott að skerða skógræktarsvæðið en telji bærinn það nauðsynlegt mun Skógræktarfélag Akraness ekki gera athugasemdir við það. Þessi skerðing mun eyðileggja stíg um svæðið og eitthvað af birkitrjám þurfa að víkja. Birkitrén má færa með gröfu án mikils kostnaðar og þannig nýta þau áfram í skógræktinni. Hins vegar leggur félagið mikla áherslu á að nýr stígur verði lagður þegar núverandi stígur verða teknir undir byggingar. Framtíðarstígurinn gæti legið fyrir ofan Litla Einbúa og núverandi tjörn þar sem lítil skógrækt er vegna votlendis. Fá tré þurfa að víkja og stígurinn verður beinni en núverandi stígur en stígagerðin verður kostnaðarsöm vegna votlendis.

Virðingarfyllt,

Jens B. Baldursson formaður Skógræktarfélags Akraness